

ÖRT VAXANDI VEFJARLIST

— norræni textílpriæringurinn að Kjarvalsstöðum

Norræni textílpriæringurinn, sem nú gistir Kjarvalsstaði, er með ánægju-
legri uppákomum sem norrænir lista-
menn standa að. Í stað þess að reiða
sig á opinbera aðila, listasöfn og
stjórnskipaða ráðgjafa, sem oft glutra
niður góðum tækifærum í skrifræði og
málamiðlunum, tóku veflistamenn sig
sjálfir til og sköpuðu sér samnorrænan
vettvang með gæði og fjölbreytni að
leiðarljósi. Sjóðir og listasöfn hafa
vissulega hlaupið undir bagga með
þeim en framkvæmdin hefur alla tíð
verið í höndum þeirra sjálfra.

Frá því fyrsti textílpriæringurinn
var haldinn árið 1974 hefur vefjarlist á
Norðurlöndum tekið ýmsum breyting-

um, e.t.v. fyrir áhrif þriæringins.
Fyrstu sýningarnar innihéldu talsvert
mikið af myndvefnaði, og var sumt af
honum ætlað að miðla boðskap um
þjóðfélagsmál og tengslin milli manns
og náttúru.


Tilraunastarfsemi

Smátt og smátt hefur boðskapurinn
vikið fyrir einstaklingsbundinni til-
raunastarfsemi með efni og form,
sennilaga vegna aukinnar meðvitund-
ar veflistarmanna á Norðurlöndum
um þróun vefjarlistar í Austur-Evrópu
og Bandaríkjunum. Tauprykk hefur
t.d. losnað úr viðjum skreytilistar og
fengið sjálfstætt hlutverk. En hefð-

bundinn vefnaður, t.a.m. góbelin, hef-
ur engu að síður haldið velli og þá í
myndvefnaði sem afstrakt veftum. En
um þetta, og margt fleira, má fræðast í
ágætri sýningarskrá sem fylgir fjórða
textílpriæringnum að Kjarvalsstöðum.

Mér skilst á skránni að innsend verk
hafi aldrei verið fleiri og ef ég man rétt
hafa verk á þriæringnum aldrei verið
færri, eða 80 talsins.

Hinar ströngu kröfur dómnefndar
hafa ekki rýrt þennan þriæring heldur
þvert á móti. Eg man satt að segja
ekki eftir fjölbreyttari og skemmti-
legri textílpriæringi og ekki sakar að
hvert og eitt einasta verk fær að njóta
sín til fullnustu.



Kirsti Rantanen — Skugginn minn, 1985 (nr. 7).

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Þriðja viddin

Ef nefna ætti einhver séreinkenni á
þessum þriæringi þá er það sennilega
mikil notkun veflistarmanna á öllum
Norðurlöndum á þriðju viddinni, en
u.þ.b. helmingur verkanna grundvall-
ast á svipuðum forsendum og fram-
sækinn nútímaskúlpúr. Sum þeirra
eru fristandandi eða hangandi, önnur
mundu flokkast undir lágmyndir.
Mörg þeirra mundu taka sig vel út á
„venjulegum” myndlistarsýningum
sem er til marks um þann samruna
handíða og frjálsra myndlista sem orð-
ið hefur á síðastliðnum áratug.

Hefðbundinn efniviður nærir nú nor-
rænum veflistarmönnum ekki lengur.
Verkin eru t.d. gerð úr tjöru, plastef-
num, málm, tágum, pappa, blýi og
steiptum einingum. Velta má fyrir sér
hvort ekki sé tími til kominn að endur-

skoða forsendur þessa þriæring og
kenna hann við „mjúkan efnivið” eða
víxlverkan ýmissa efna, eins og að-
standendur „Stoffwechsel” sýningar-
innar í Kassel hafa gert. Hugtakið
„textill” er auðsýanlega orðið of
þröngt.

Uppruni verka


Leiða má getum að því að textílpri-
æringurinn hafi að einhverju marki
afmáð séreinkenni á textíl á Norður-
löndunum fimm. Nú er a.m.k. erfiðara
en áður að geta sér til um uppruna
hinna ýmsu verka er maður gengur
um sýningarsalina. Á fyrstu þriæring-
unum var ströng formskipun t.d.
sterkt einkenni á finnskum veftum.
Finnskir veflistarmenn hafa að visu
ekki gefið slíka formgerð alveg upp á
bátinn en hún er alls ekki jafnaberandi
og fyrr.

Vistfræðilegar ígrundanir og róman-
tik einkennir heldur ekki danskar vef-
tir í sama mæli og á fyrri sýningum.
E.t.v. hefur þriæringurinn einnig haft
hvetjandi áhrif á norska vefjarlist.
Norðmenn voru fremur aftarlega á


merinni á fyrstu tveimur þriæringun-
um en nú blómstra þeir í ótrúlega fjöl-
breyttum og mögnuðum verkum. Ef
einhverjir eru „sigurvegarar” þessa
fjórða þriæring þá eru það norskir
veflistarmenn.

Tilbreyting

Íslenskir veflistarmenn eru hér færri
en oft áður en verk þeirra standa fyrir
sínu. Hólmfríður Arnadóttir sýnir verk
úr pappir og tauti í fyrsta sinn á þessum
vettvangi og er ört vaxandi á sínu
sviði. Guðrún Marínósdóttir sýnir þri-
viddarverk sem tekur sig vel út í við-
áttu vestursalarins og Sigurlaug Jó-
hannesdóttir heldur áfram að próa
blandaða tækni af miklu öryggi. Guð-
rún Gunnarsdóttir er ein Íslending-
anna um tiltölulega hefðbundinn
veggjar-vef, völdugt verk og áhrifa-
mikið. Skemmtileg tilbreyting er ein-
ig að útverki Þórdísar Sigurðardóttur,
„Appelsínugulur morgunn”, sem
stendur á grasinu fyrir utan Kjarvals-
staði. Hvað erlendu veflistarmennina
snertir er allt of erfitt að gera upp á
milli þeirra. AI



Guðrún Marínósdóttir — Form, 1984 (nr. 19).



Sirkka Könenen — Purje I, 1985 (nr. 43).

Gítarsnillingar halda námskeið

Austurríski gítarleikarinn Siegfried
Kobilza efnir í lok þessa mánaðar til
námskeiðs í gítarleik á vegum Tón-
skóla Sigursveins D. Kristinssonar. Á
námskeiðinu nýtur hann aðstoðar
Símonar H. Ivarssonar, gítarleikara
og kennara við Tónskójann.

Þeir félagar eru Íslendingum að
góðu kunnir fyrir gítarleik og kynningu
á gítartónlist á síðustu árum. Er þar
skemmt að minnast tónleikaferðar
um landið fyrr í sumar. Siegfried
Kobilza er nú einn fremsti fulltrúi
klassískrar gítartónlistar í Austurríki.

Hann ferðast víða og heldur tónleika
og leiðbeinir á námskeiðum.

Á námskeiðinu gefst þátttakendum
kostur á að leika verk sín fyrir leið-
beinanda. Einnig verða fluttir fyrir-
lestrar um gítarleik og gitarkennslu.
Úmsóknareyðublöð um þátttöku í
námskeiðinu liggja frammi á skrif-
stofu Tónskólans, Hellusundi 7. Skrif-
stofan er opin frá 14.00–16.00 alla
virka daga. Námskeiðið stendur frá 30.
ágúst til 1. sept.

Siegfried Kobilza og Símon H.
Ivarsson.

